

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. stundatöflu, miðannarmat og einkunnir, mætingu og námsferil. Þar er einnig hægt að nálgast námsáætlanir áfanga og bókalista. [Hér](#) má sjá ýmsar leiðbeiningar um notkun Innu.

Mikilvægt er að nemendur gæti þess að netföng þeirra og símanúmer séu rétt skráð í Innu.

Forráðafólk er einnig beðið um að skoða hvort upplýsingar um þau séu réttar, annars berast ekki upplýsingar frá skólanum.

Skráðir aðstandendur nemenda yngri en 18 ára hafa aðgang að Innu og geta fylgst m.a. með námsframvindu og viðveru nemandans. Einnig geta aðstandendur skráð veikindi nemandans. Þegar nemandi verður 18 ára lokast fyrir aðgang aðstandenda að Innu en nemandinn getur hins vegar opnað hann aftur og veitt aðstandendum áframhaldandi aðgang að Innu.

Athugið: Nota þarf rafræn skilríki til að skrá sig inn á Innu.

Opnað verður fyrir stundatöflu í Innu um miðjan ágúst.